

## Sköpun og listir

Við viljum hafa þessa tíma því þannig getum við kynnst öðru fólki úr öðrum bekkjum og gerum eitthvað nýtt og skemmtilegt. Í einum tímanum fórum við í eldhúsið hjá Pálínu og fengum að baka, við bökuðum kókosbollur og súkkulaðibitakökur og við gerðum líka heitt súkkulaði. Í lok tímans buðum við hinum hópnum í kökur og kakó. Og í fyrsta tímanum vorum við að byggja upp sjálfsmynd hjá hvort öðru, með því að klippa út hjörtu og skrifa eitthvað fallegt um þann sem sat á móti manni. Við förum líka stundum í heimsóknir á allskonar staði í nokkrum hópum.

Í hópnum voru: Óðinn, Emilía, Arnþór, Viktoría, Védís, Gerda, Arsenij.